

5. gr.

Söluskattur 25% og verðjöfnunargjald 16% er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í c-liðum, húshitun og viðhaldsgjald götulýsingar.

6. gr.

Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 63% af þeirri breytingu, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins.

7. gr.

Rafveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja og sett samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. október 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 18. september 1985.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð fyrir Íslenskar getraunir,
nr. 472 13. ágúst 1981.**

1. gr.

10. gr. breytist þannig:

a. Í stað „kl. 12 á hádegi“ í 5. málsg. komi: kl. 14:00.

b. í stað „áður en nokkur leikjanna á getraunaseðlinum hefst, í síðasta lagi þó fyrir kl. 12 á hádegi“ í 6. málsg. komi: fyrir kl. 14:00.

2. gr.

Í stað 1. másl. 1. málsg. 12. gr. komi:

Nú er einum eða fleiri kappleikjum sem á getraunaseðlinum eru flýtt þannig að leikur hefst áður en skilafrestur rennur út og skal þá eftirlitsmaður varpa hlutkesti um úrslit í þeim leik eða leikjum. Sama gildir ef einn eða fleiri kappleikir á getraunaseðlinum falla niður.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 29. maí 1972 um getraunir, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. september 1985.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.